

GJALDSKRÁ

Bílastæðasjóðs Norðurlþings og uppdráttur af gjaldskyldusvæðum

Gildissvið

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir Bílastæðasjóð Norðurlþings sem er B-hlutafyrirtæki í eigu sveitarfélagsins Norðurlþings.

2. gr.

Gjaldskráin byggir á samþykktum Bílastæðasjóðs og á við öll bílastæði innan fyrirfram skilgreindra gjaldtökusvæða sem eru nánar skilgreind á meðfylgjandi götukorti.

Bílastæðagjöld

3. gr.

Eitt gjaldsvæði er við hafnasvæði og miðbæ Húsavíkur, P1. Gjald fyrir fyrstu 60 mínúturnar er 220 kr. Eftir það hækkar gjaldið í 500 kr á hverja klst. Einungis er rukkað fyrir rauntíma sem bíl er lagt í stæði. Gjaldskyldutími er frá kl. 08:00 – 20:00 alla daga vikunnar frá 1. maí til 30. september ár hvert. Október-apríl eru gjaldfrjálsir mánuðir.

Um innheimtu og greiðslu bílastæðagjalda

4. gr.

Notaðar eru rafrænar greiðsluleiðir í snjallsíma (app) til að greiða fyrir afnot af gjaldskyldum bílastæðum. Hægt er að greiða gegnum app á öllum gjaldskyldum svæðum á Húsavík með því að skrá bíl í stæði og velja rétt gjaldsvæði þegar bílnum er lagt og skrá úr stæði þegar ekið er burt.

Eftirfarandi greiðsluöpp bjóða upp á slíka þjónustu á Húsavík.

- Parka, www.parka.is

Viðskiptavinir Bílastæðasjóðs eru hvattir til að kynna sér vel notkunarskilmála á vefsíðum greiðslulausnanna.

Undanþága frá gjaldskyldu

5. gr.

P-merki, stæðiskort fyrir hreyfihamlaða veitir handhafa þess heimild til að leggja í sérmerkt bílastæði fyrir hreyfihamlaða og leggja án endurgjalds í gjaldskyld bílastæði. Mikilvægt er að stæðiskortið sé ávallt sýnilegt í framrúðu við eftirlit. Kortinu skal komið fyrir innan í framrúðu þannig að gildistími á framhlið þess sé vel sýnilegur að utan.

Græn stæði og rafhleðslustæði

6. gr.

Græn stæði og rafmagnshleðslustæði eru bílastæði fyrir bíla sem eingöngu ganga fyrir umhverfisvænum orkugjöfum, s.s. rafmagni, vetni eða metani. Þessum bílum er einum heimilt að leggja í græn stæði sem merkt eru með sérstöku skilti. Séu græn stæði innan gjaldskylds svæðis eru þau gjaldskyld.

7. gr.

Séu græn stæði með rafmagnshleðslu gildir það sama um þau og önnur græn stæði að ef þau eru á gjaldskyldu svæði þá eru þau gjaldskyld. Almennt má bíll ekki standa í rafmagnshleðslustæði í lengri tíma en það tekur að fullhlaða bílinn.

Gjöld vegna ógreiddrar viðveru

8. gr.

Gjöld vegna ógreiddrar viðveru á bílastæðum eru 3.000 kr og eru lögð á eigendur bíla ef ekki hefur verið greitt fyrir afnot gjaldskylds bílastæðis eða greitt hefur verið fyrir of stuttan tíma.

Gjöld þessi falla til bílastæðasjóðs Norðurlþings. Auk þess greiðir eigandi bíls innheimtukostnað til Parka Lausnir ehf. skv. gjaldskrá fyrirtækisins.

Samþykkt af byggðarráði Norðurlþings á fundi þann 23. maí 2024.

Staðfest af sveitarstjórn Norðurlþings á fundi þann 28. maí 2024.

Húsavík, 28. maí 2024.

Katrín Sigurjónsdóttir, sveitarstjóri

